

# Húrra Reykjavík

ISSUE N° 1

DESEMBER 2016

## the Women's Issue



# Húrra Reykjavík

## RITSTJÓRI

Svanhildur Gréta Kristjánsdóttir

## HÖNNUN OG UMBROT

Júlía Runólfsdóttir

## LJÓSMYNDIR

Snorri Björnsson

Hrefna Björg Gylfadóttir

Júlía Runólfsdóttir

Dennis Morton

Svanhildur Gréta Kristjánsdóttir

Óli Magg

## ÚTGEFANDI

Húrra Reykjavík

## PRENTUN

Litróf

## AÐ BLAÐINU KOMU

Sindri Snær Jenson

Jón Davíð Davíðsson

Andrea Röfn Jónasdóttir

Irena Sveinsdóttir

Ída Pálsdóttir

Ólafur Alexander Ólafsson

Sigrún Lind Hermannsdóttir

Björn Þorláksson

Sindri Þórhallsson

Rakel Ásgeirsdóttir

Salvör Gullbrá Þórarinsdóttir

Birta Svavarsdóttir

## ÞAKKIR

Norrni

Ásmundarsafn

Listasafn Reykjavíkur

Skrifstofa Seltjarnarness

Garðheimar

## the Women's Issue



Basic High Neck Crop Grey - Stüssy  
Classic Brief Grey - Stüssy  
Cross Back Crop Grey - Stüssy



Húrra Reykjavík er meira en fataverslun. Húrra Reykjavík er fyrirbæri þar sem hinir ýmsu heimar mætast og sameinast. Hönnun, tónlist, sköpunargleði, listgreinar, ljósmyndun og textasmíði fá stórt pláss í hugarheimi Húrra. Húrra vill skapa vettvang fyrir fólk til að hlúa að slíkum áhugamálum.

Margir þekkjja Húrra sem herrafataverslun enda opnaði verslunin eingöngu sem slík í september 2014 við Hverfisgötu 50. Það er erfitt að koma því í orð hvað aðskilur Húrra frá öðrum verslunum eða gerir hana sérstaka. Hver einasta flík í verslunum Húrra er handvalin af starfsmönnum fyrirtækisins sem gerir litlu verslanirnar á Hverfisgötu enn persónulegri. Húrra Reykjavík er rekið áfram af ástríðu og krafti.

Sá kraftur varð til þess að fyrirtækið tvöfaldaðist að stærð í ágúst síðastliðnum með opnun kvenfataverslunar á Hverfisgötu 78. Mikill áhugi kvenna á stefnu og hugmyndafræði Húrra varð til þess að stökkið var tekið. Verslunin er spegilmynd af herraversluninni þar sem framúrstefnuleg hönnun, gæði, klassík og notagildi mætast.

Með útgáfu The Women's Issue er ætlunin að vekja athygli á kraftmiklum og áhugaverðum konum sem veita innblástur með verkum sínum. Hvað drífur þær áfram og hvert er viðhorf þeirra til lífsins. Allir starfsmenn Húrra komu að útgáfunni en verkefnið var leitt áfram af Svanhildi Grétu Kristjánsdóttur, ritstjóra.♦




Faux Suede Cap - Norse Projects  
Master Shirt Sonora - Carhartt WIP


„Ég er leiðtogi,

Sigga  
Ólafsdóttir

ekki frekja.“





Sigga Ólafsson (  ), reddari íslensku tónlistarsenunnar, áttaði sig nýlega á því að hún er ekki frekja, heldur leiðtogi. Það tók þrjósku að öðlast viðurkenningu innan bransans, en hún var ekki alltaf tekin alvarlega sem ung stelpa sem er „ekki há í loftinu.“ Sigga talar um alvarlegt bílslys sem hún varð fyrir í æsku, brýna þörf á umbótum í menntakerfinu og hvernig jákvæðni skilar henni tækifærum í lífinu.

**TEXTI**  
SVANHILDUR GRÉTA KRISTJÁNSDÓTTIR  
**MYNDIR**  
SNORRI BJÖRNSSON

„Ég vinn sem umboðsmaður og á tónlistarhátíðum líkt og Iceland Airwaves, Secret Solstice og Sónar. Ég vinn á meðferðarheimili. Og já, ég er í framhaldsnámi í sálfræði í uppeldis- og menntavísindum.“ Ekki að gleyma neinu? „Ég held ekki.“

Sigríður Ólafsdóttir, kölluð Sigga, er þekkt fyrir iðjusemi en hún situr aldrei auðum höndum. Það er kannski þessa vegna sem við mælum okkur mót á óvanalegum viðtalstíma, klukkan að ganga níu á föstudagskvöldi. Hún er nýkomin af vakt af meðferðarheimilinu Stuðlum og við finnum okkur sæti á Kex Hostel. Á meðan við ræðum saman eiga ýmsir kunningjar hennar leið hjá og hrópa upp yfir sig „Sigga!“ og taka hana í fangið. Það þekkja margir Siggu og það líkar mörgum vel við Siggu.

### Hoppar í öll hlutverk

Sigga starfar sem umboðsmaður FM Belfast og hún og Grímur Atlason starfa saman sem umboðsmenn Retro Stefson. Einnig kemur hún að rekstri Les Frères Stefson sem bræðurnir Logi Pedro og Unnsteinn Manuel komu á laggirnar. En hvað gerir hana að góðum umboðsmanni? „Lykillinn er að vera góður í mannlegum samskiptum, en það er eitthvað sem ég hef lært af reynslunni og í tómstunda- og félagsmálafræði,“ segir Sigga og bætir við að mikilvægt sé að geta sett sig í spor annarra. „Á landi eins og Íslandi þar sem takmarkað fjármagn rennur til skapandi greina skiptir máli að hafa manneskju á bakvið tjöldin sem getur aðlagð sig að fjölbreyttum verkefnum. Góður umboðsmaður stuðlar að því að tónlistarmenn geti unnið vinnuna sína, í því getur falist að passa börnin þeirra eða skutla einhverjum til tannlæknis.“

### Menntakerfinu ábótavant

Á Stuðlum starfar Sigga sem meðferðar-ráðgjafi fyrir ungmenni á aldrinum 13 til 17 ára. „Þetta er fólk sem stendur höllum fæti í lífinu og hefur villst af beinu brautinni, ef það er til einhver „bein braut“. Starfið snýst aðallega um að vera til staðar, hrósa og gera eitthvað skemmtilegt saman. Sömuleiðis að kynna fyrir þeim aðra sýn og nálgun á veruleikann,“ segir Sigga sem er á því að menntakerfið sé meingallað. „Börn fæðast skapandi og við þurfum að rækta það frá unga

aldri, í stað þess að setja alla í sama boxið. Það er sannað að greind er mismunandi, hvers vegna erum við ekki að rækta hæfileika hvers og eins? Allir hafa eitthvað til brunns að bera og við stöndum höllum fæti í að bjóða börnum þessa lands jöfn tækifæri. Það mikilvægasta sem við gerum er að styðja við ungmenni þessa lands.“

Sigga segir einnig að störf hennar haldist í hendur, eins undarlega og það kunni að hljóma. Hún þarf stöðugt að leita skapandi leiða til samskipta og lausna. „Undanfarið hef ég velt því fyrir mér hvort ég sjálf sé skapandi. Þó svo að ég sé konan á bakvið tjöldin og ráðgjafi á meðferðarstofnun. Ég held að ég sé það, við erum öll skapandi á okkar hátt. Í mínu tilfelli snýst það um frumlega nálgun og að vera tilbúin að endurhugsa hlutina. Á meðferðarheimilinu reyni ég að að kynna ungmenni fyrir menningu og listum og styðja þau í sínum styrkleikum.“

### Kastaðist 33 metra í bílslys

Pegar umræðan leiðir til drauma og framtíðarinnar segist Sigga aldrei hafa átt svör við klassísku spurningunni „Hvað ætlarðu að verða?“ Starfsframi er eitt-hvað sem hún veltir sér ekki mikið upp úr. Eitt veit hún fyrir vist, hún mun alltaf starfa með fólki, lifa skemmtilegu lífi og vera jákvæð.

Þessi jákvæðni og gleði hefur fylgt Siggu alla tíð. Það endurspegladist helst í skjótum bata eftir alvarlegt bílslys fyrir 14 árum. Sigga var á leið í strætó yfir gatnamót Kringlumýrarbrautar þegar bill keyrði á hana svo hún kastaðist 33 metra, þvert yfir gatnamótin. Fyrsti maður að slysinu taldi hana látna og fór að undirbúa vegfarendur að banaslys hefði átt sér stað. „Ég veit ekki hvernig ég lifði þetta af. Ég hafði pakkað úlpunni minni í skólatöskuna og ég lenti vist á henni. Taskan og góðar vættir björguðu mér þennan dag.“ Sigga mjaðmar- og hryggbrotnaði og var lögð á gjörgæslu. Það taldist kraftaverk að hún skyldi ekki hljóta varanlegan skaða eftir slíkt högg. „Ég man eftir sjálfri mér, þrátt fyrir allt, mjög glaðri á þessum tíma. Ég var ákveðin að ná skjótum bata, sérstaklega þegar mér var tilkynnt að ég þyrfti kannski að vera á spítalanum yfir jólin. Það var það versta sem gat komið fyrir,“ segir Sigga sem var komin heim tveimur vikum síðar, vel fyrir jól.

„Það gengur ekki að dvelja á hlutunum. Auðvitað koma tímar sem manni finnst ekkert ganga upp, en það er svo margt sem ég má vera þakklát fyrir.“



Page Carrot Pant - Carhartt WIP  
Salmac Shirt - Carhartt WIP  
Disco Sport Afia Socks - Mads Nordstrand  
Court Vangate - Adidas Originals



Hæfileikar Siggú á sviði viðburðastjórnunar komu snemma í ljós. Þegar bekkurinn hennar átti að koma í heimsókn á spítalann var hún staðráðin í því að komast úr hjólastólnum og á hækjur. Þabbi hennar skyldi kaupa 26 „jawbreakers“ fyrir alla í bekknum. „Ég man að ég var úrvinda og sæl þennan dag. Ég var komin á hækjur og við sátum allur bekkurinn á biðstofunni að japla á „jawbreaker“ svo enginn gat talað. Ég man þetta svo vel,“ segir Siggú, hlæjandi yfir minningunni.

Í dag þarf Siggú að hlúa vel að líkamanum en hún mætir vikulega í sjúkrahjálfun. „Ég stundaði fótbolta um stund en það var ekkert sniðugt,“ segir Siggú sem kippir sér lítið upp við slíka smámuni. „Það gengur ekki að dvelja á hlutunum. Auðvitað koma tímar sem manni finnst ekkert ganga upp, en það er svo margt sem ég má vera þakklát fyrir.“

#### „Ég hélt þú værir strákur“

„Þegar ég var yngri var talað um mig sem stjórnsama og freka. Í leikskóla var talað um að ráða þyrfti nýja fóstru þegar ég færi, því ég vildi sifjellt passa upp á alla. Ég hef aldrei þolað óréttlæti og tek upp hanskann fyrir þau sem minna mega sín. Það var ekki fyrr en nýverið sem ég áttaði mig á því að ég er leiðtogi, ekki frekja,“ segir Siggú sem hefur lagt mikið á sig til að fá sin tækifæri. „Fyrstu árin mín að stýra baksviðinu á Airwaves fann ég fyrir hindrunum því ég er stelpa og

„Ef áhuginn er til staðar  
finnur maður tíma  
fyrir allt sem mann  
langar til að gera. Þú  
skapar þín eigin örlög.“

kannski ekki há í loftinu. Ég var stundum ekki tekin alvarlega. Ég tók þetta ekki inn á mig en þetta gat farið svakalega í taugarnar á mér.“ Með tímanum fór Siggú að taka meira pláss og öðlast virðingu innan geirans. Í dag er hún kölluð reddari íslensku tónlistarsenunnar. „Ég finn ekki fyrir þessum hindrunum núna nema þegar ég ferðast erlendis með hljómsveitum sem „tour manager.“ Þá er fólk hissa á að sjá mig hoppa út úr rútunni, og trúir því varla að ég sé aðilinn á bak við tölvupóstssamskiptin. Fólk hefur sagt við mig „ég hélt þú værir strákur.“

En er tónlistarbransinn eitthvað sem þú stefndir á? „Nei, þetta gerðist eiginlega óvart. Ég hafði unnið í miðasölu fyrir vini mína í Retro Stefson. Unnsteinn Manuel kom mér í samband við Grím Atlason, fræmkvæmdastjóra Airwaves. Honum leist vel á mig og réð mig á Airwaves 2010 til að vinna baksviðs undir Önnu Rut sem varð mín lærimóðir í starfinu.“

#### Þjálfar litlar Siggur

Árið 2012 var Siggú farin að stýra baksviðinu á Airwaves ein. Hún segir hátíðina í ár hafa gengið vonum framár, það sé „krökkunum hennar“ að þakka. Síðastliðin ár hefur hún þjálað litlar Siggur í starfið. Teymið er orðið svo þétt að þau vinna sem smurð vél. „Fyrir nokkrum árum fékk ég til mín Egil Ástráðsson, Þórdísi Kóru og Anton Emil úr félagsmiðstöðinni sem ég vann hjá,“ segir Siggú sem fannst mikið til unga fólksins koma.

Nýlega bættust fleiri í hópinn, þau Vala Roff og Alexis. „Þau standa sig ótrúlega vel og það er gott að geta dreift álaginu. Starfið getur verið mjög krefjandi og ég er stundum drepleiðinleg við þau,“ hlær Siggú og segir þarfir listamanna mjög misjafnar, allt frá því að sækja niðurgangslýf eða sjóða vatn upp úr gúmmiböngsum fyrir söngvara. „Ég treysti þessum krökkum hundrað prósent og gæti ekki verið stoltari.“

Þrátt fyrir allt segist Siggú hafa tíma fyrir sjálfa sig. „Ef áhuginn er til staðar finnur maður tíma fyrir allt sem mann langar til að gera. Þú skapar þín eigin örlög.“♦

Mercedes Track Top - Stussy  
Mercedes Track Pants - Stussy  
Gera Wool Plum - Norse Projects  
Fast - Addas Originals  
Union - Han Kjøbenhavn





# *kristjana sæunn*



KSOLAFSDOTTIR.COM

@KRISTJANASO

MYNDIR JÚLA RÚNOLFSÐÓTTIR



„Chanel-skóna keypti ég í Bandaríkjunum fyrir rúmum tveimur árum og finnst þeir enn jafnflottir.“

Þetta er Kristjana Sæunn (👤), oftast kölluð Sæja. Hún starfar sem stílisti og hefur fylgst með tísku frá því hún var lítil. Undanfarið hefur hún fylgst mikið með japanskri tísku. „Hönnuðir eins og Rei Kawakubo og Issey Miyake. Ég myndi ekki endilega ganga í öllu frá þeim en þau veita mér mikinn innblástur. Japönsk tíska er skrefinu á undan og mér finnst meira spennandi að fylgjast með þeim sem leiða heldur en fylgja.“

„Ég er fyrrum fimleikaskvísa og finnst alltaf eins og ég þurfi að nefna það því ég eyddi meira en hálfri ævi minni í fimleikasal.“ Sæja varð Evrópumeistari í annað sinn árið 2012 og ákvað að það yrði hennar síðasta í fimleikum. Mánuði síðar flutti hún til London. „Þar gerði ég allskonar skemmtilega hluti, meðal annars stundaði ég nám við London College of Fashion og lærði að vera stílisti.“

Strigaskósafnið hennar tók vaxtakipp í London, borg þar sem allir ferðast fótgangandi og langt er á milli staða. „Núna er ég flutt aftur til Íslands og vinn í uppáhalds húsgagnabúðinni minni, Heimili og hugmyndir, ásamt því að taka að mér eins mörg stílistaverkefni og ég get.“ ♦



*NIKE AIR MAX 97*

*balenciaga high tops*



# RuGI

Saman mynda þær Ragnheiður (👩) og Guðlaug (👩) indie-hljómsveitina RuGI. Airwaves reyndist þeim stökkpallur út í tónlistarsenuna, en þær voru á meðal yngstu flytjenda hátíðarinnar. Saman fluttu þær söngatriði fyrir hönd Hagaskóla í Skrekk, hæfileikakeppni grunnskólanna, og báru þar sigur úr bítum á dögnum. Þær segja síðustu mánuði hafa verið surreálíska, en að öllu máli skipti að vera með báða fætur á jörðinni og safna fyrir tímum í stúdíóinu. Aldur skiptir ekki máli, allir eiga að fá borgað fyrir að spila.



TEXTI  
SVANHILDUR GRÉTA KRISTJÁNSDÓTTIR  
MYNDIR  
HREFNA BJÖRG GYLFAÐÓTTIR

„Að spila á Airwaves var svona framtíðardraumur. Við sáum off-venue tónleika í fyrra og hugsuðum að einn daginn væri gaman að komast þangað. Ári síðar stóðum við á sviðinu í Valshöllinni að spila á undan PJ Harvey. Það var alveg súrrealískt,“ segja hinar 15 ára gömlu Ragnheiður María Benediktssdóttir og Guðlaug Friða Helgadóttir, hljómsveitarmeðlimir RuGÍ. Vinkonurnar stofnuðu hljómsveitina í byrjun árs 2016 og hafa síðan þá vakið mikla eftirtekt, nú síðast fyrir hönd Hagaskóla í Skrekk í Borgarleikhúsinu, en Hagaskóli vann keppnina í ár.

Sjálfsoyrggið eykst í hvert skipti sem þær stíga á stökk. „Það er kannski helst skritið að fá skyndilega hrós frá öðrum en fjölskyldumeðlimum, sem eru skyldug til að hæla manni,“ segir Guðlaug. „Að vita til þess að fólk feli tónlistina okkar er alveg geggjáð,“ tekur Ragnheiður undir.

### Vinsældalistar og Facebook-stickers

Pau geta verið langdregin, árin fram að bilprófinu. Foreldrar vinkvennanna eru því innan handar til þess að skutla, sækja og sinna umboðsmannahlutverkinu. „Pau mæta á alla tónleika, líka á Airwaves. Það var fáránlega myndið að sjá þau með listamannapassa um úlniðinn, svaka kúl á því,“ segir Guðlaug. Líkt og við má búast koma upp vandræðaleg og myndin atvik þegar foreldrar manns eru líka umboðsmenn. „Pabbi var að renna í gegnum samtál á Facebook á milli mín og tónleikaskipuleggjanda,“ segir Guðlaug sem þarf að gera hlé á máli sínu því báðar fara þær að hlæja. „Hann sendi óvart sticker, svona kött sem hélt á skilti sem á stóð „I LOVE YOU“. Það var alveg frekar myndið.“

Ragnheiður og Guðlaug þekkja hvorugar til tónlistar vinsældalistanna. Þær sækja innblástur til tónlistarfólks á borð við Elliott Smith, Pascal Pinon, Daughter, Emilíönu Torrini, Radiohead, Bitlanna og Bjarkar. „Við hlustum mjög mikið á tónlist en á skólaböllum þá þekki ég nánast ekkert lag. Við erum meira í þessu klassíska,“ bætir Guðlaug við.

### Úr herberginu í Hörpu

Þrátt fyrir ungan aldur eru stúlkurnar engir nýgræðingar þegar kemur að tónlist. Ragnheiður á tónlistarkennurum sínum margt að þakka. „Laufey, píanókennarinn minn, sýndi tónsmíðum mínum alltaf mikinn áhuga og hjálpaði mér með útsetningu á lögum.“ Báðar tóku þær Guðlaug margsinis þátt í Upptaktinum, viðburði á vegum Hörpu þar sem ung tónskáld senda inn tónsmíðar sem þau útsetja með reyndari tónskáldum. Guðlaug segir það magnaða upplifun að hlusta á aðra flytja eigið verk. „Það er

stressandi að sitja í salnum og hlusta á verkið sem er ekki lengur í þínum höndum. Það var stórt skref að fara með eigin tónsmíði út fyrir herbergið sitt og inn í Hörpu.“

Þegar stelpurnar ætluðu enn eina ferðina að senda lög í Upptaktinn voru þær hvattar til þess að taka þátt í Músiktilraunum. „Við vorum alls ekki pro,“ segir Guðlaug og Ragnheiður bætir við að Músiktilraunir hafi verið annað skiptið sem hljómsveitin spilaði saman á sviði. Stúlkurnar voru valdar áfram af dómnefndinni, þeim til mikillar furðu. „Ég var í sjokki. Ég beit svo fast í puttann á mér að það blæddi,“ segir Guðlaug, augljóslega enn gáttuð á árangri þeirra.

### Á tánum með framtíðina

„Grimur Atlason, framkvæmdastjóri Airwaves, nálgadist okkur eftir úrslitavöldið og bauð okkur að spila á hátíðinni. Það hljómaði svo óraunverulega, ætli ég hafi ekki öskrað tíu sinnum „ÉG ER AÐ FARA AÐ SPILA Á AIRWAVES“ á fjölskylduna á leiðinni heim í bilnum,“ lýsir Ragnheiður.

Eftir Airwaves hafa stúlkunum borist tilboð úr ólíkum áttum. Með skynseminu að vopni og traust bakland vanda þær valið. „Við erum á tánum og viljum ekki ana út í neitt án umhugsunar. Þó að við séum ungar þá viljum við fá borgað fyrir að spila. Það tók okkur langan tíma að safna fyrir dýrum græjum og hljóðfærum. Núna söfnum við fyrir tíma í hljóðverinu.“

### Jól í ágúst

Innblástur kemur frá ótrúlegustu stöðum en lag hljómsveitarinnar úr Skrekkisatriði Hagaskóla varð til við óhefðbundnar aðstæður. „Það var í ágúst sem við söknudum jólananna. Við ákváðum því að halda upp á jólin í tvær klukkustundir. Stuttu síðar datt okkur í hug að semja lag um það. Að setja vandamálin sín til hliðar um stund og halda frekar upp á jólin.“ Einlægur flutningur þeirra og tilfinningaþrunginn dans samnemenda skilaði skólanum fyrsta sæti í hæfileikakeppni grunnskólanna.

„Við eigum Hagaskóla margt að þakka. Þar er mjög hvetjandi og skapandi umhverfi. Við fengum aðstöðu til að æfa okkur fyrir Músiktilraunir og hljóðfæri lánuð. Ef við ættum að gefa einhver ráð til þeirra sem vilja fíkra sig áfram í tónlist þá er það að nýta vettvang skólans. Taka þátt í söngvakeppnum, Músiktilraunum, Upptakti og öllu því fjölbreytta sem í boði er. Þannig öðlast maður reynslu.“♦

”  
Þó við séum  
ungar þá viljum við  
fá borgað fyrir að  
spila.  
“





Þetta er Anna Maggý. Hún starfar sem stillisti og er að læra ljósmyndun við Ljósmyndaskóla Íslands. Þegar hún er ekki að vinna eða læra er hún mjög kaotísk. Hún drekkur mikið kaffi, sækir í adrenalin og er með „brjáladaðan athyglisbrest“ að eigin sögn. Hún á það til að gleyma sér í einu og öllu.

Anna Maggý

# ANNAMAGGY X KORKIMON

Korkimon

Þetta er Melkorka Katrín, oftast kölluð Korka. Hún er að læra myndlist, kynjafræði og listasögu í Sarah Lawrence College og útskrifast þaðan í vor. Þegar hún er ekki að bauka í myndlist eða að læra þykir henni gaman að breyta til í íbúðinni og hlusta á útvarp eða hljóðbækur.





Við lítum ekki á samstarf okkar sem „samstarf“ heldur einhvers konar náttúrulegt afl sem við hvorugar höfum stjórn á. Síðan við byrjuðum að vinna og hanga saman hefur drifkraftur okkar aukist rosalega og við erum óstöðvandi.

„Þegar við vinnum saman eru viðfangsefni okkar með ýmsu móti. Samblanda af hversdagsleika, íslenskri ungmenningu og fantasíum okkar.“



aman og í sitthvoru lagi.“



Konur ræða hluti og

Vala og  
Stefanía

velta þeim fyrir sér



**Vala**  
Trial Long Grey - Libertine - Libertine  
Gunhild Cotton Rain - Norse Projects

**Stefanía**  
Honest Burgundy - Libertine - Libertine  
Tail Burgundy - Libertine - Libertine  
Board Powder Wool - Libertine - Libertine

A photograph of a potted plant with a braided trunk and a wooden chair in the foreground. The plant is in a dark brown pot and has several green leaves. The chair is made of dark wood and is positioned to the left of the plant. The background is a dark, textured wall.

Valgerður Halldórsdóttir (  ) og Stef-  
anía Bjarney Ólafsdóttir (  ) vinna þessa  
stundina að því að afhenda og selja spurninga  
leikinn QuizUp til fjárfesta fyrirtækisins.  
Báðar gegndu þær lykilstöðum innan fyrir-  
tækisins, en framtíðin er björt með tengslanet  
og dýrmæta reynslu úr Kísildal í farteskinu.  
Þær hafa stofnað nýtt podcast og liggja undir  
feldi með framtíðarverkefni. Saman ræða þær  
uppbyggilega vináttu, styrkinn í að vera  
maður sjálfur og drifkraftinn til að brjóta  
niður staðalímyndir og karllæga tungu.

**TEXTI**  
SVANHILDUR GRÉTA KRISTJÁNSDÓTTIR  
**MYNDIR**  
SNORRI BJÖRNSSON

Þær eru ekki þessar hefðbundnu vinkonur, Vala og Stefania, í kringum þær ríkir engin lognmolla. Þegar þær eru ekki saman í vinnunni þá stunda þær skiði, mæta í hlaupahóp eða bókaklúbb. Þær fara á námskeið í spuna, siglingum, tennis og öllu því sem vekur áhuga þeirra hverju sinni. Þær eru óhræddar við að fara ótroðnar slóðir og prófa nýjungar, alltaf með bros á vör. „Þannig lærir maður,“ segja þær líkt og ekkert sé einfaldara. Báðar eiga þær sameiginlegt að leita stöðugt leiða til betrunar í lífi og starf. „Við nöllumst mikið,“ líkt og Stefania kallar það og vísar í öll tæknibloggin, podcöstin og bækurnar sem þær deila sín á milli. Þær segja ómetanlegt að hafa hvor aðra á hliðarlinunni að hvetja sig áfram.

### Leiðtogar hjá QuizUp

Vala og Stefania störfuðu báðar hjá tölvuleikjafyrirtækinu Plain Vanilla, framleiðanda spurningaleiksins QuizUp. Fyrirtækið lokaði skrifstofum sínum í lok ágúst síðastliðinn en síðan þá hafa þær unnið að afhendingu og sölu á appinu til fjárfesta fyrirtækisins. Á árunum hjá QuizUp fengust þær við fjölbreyttar stöður innan fyrirtækisins, en báðar sinntu þær mikilvægum leiðtogahlutverkum.

Vala stýrði lengi ritstjórnardeildinni, umfangsmesta teyminu innan fyrirtækisins. Hún útskrifaði úr iðnaðarverkfræði 2008 og stofnaði eigið fyrirtæki í kjölfarið. „Ég gaf út borðspilið Heilaspuna sem varð metsöluspil. Síðan framleiddi ég heimildarmyndina The Startup Kids sem var sýnd út um allan heim og er vist notuð sem kennslutæki í háskólum víðsvegar,“ segir Vala. Stefania stýrði greiningarteyminu hjá QuizUp. Hún útskrifaði úr stærðfræði og heimsspeki í háskólanum og fór að starfa við tölvugreiningu hjá Íslenski erfðagreiningu. „Mitt hlutverk hjá QuizUp var að byggja upp greiningardeild og gera gögnin aðgengileg öllum innan fyrirtækisins og virkja starfslíðið í að hugsa út frá þeim,“ útskýrir Stefania.

Stefania og Vala leiddu saman hesta sína síðasta árið hjá QuizUp og komu á laggirnar tekjustýringu með bækistöðvar í New York. Markmiðið var að fá inn fastar tekjur til QuizUp. „Á skömmum

tíma tókst okkur að fá mánaðarlegur tekjur í leikinn. Við byggðum upp veglegt tengslanet sem mun nýttast okkur vel í dag,“ segir Vala.

### Stofna podcast saman

Um þessar mundir liggja vinkonurnar undir feldi með framtíðarverkefni, sem þær telja ekki tímabært að upplýsa nánar um. Reynolds þeirra innan QuizUp og tengslanetið sem þær byggðu verður hornsteinn verkefnisins. Fullar eldmóðs láta þær ekki þar við sitja og undirbúa annað gælulverkefni. „Við stóðum á krossgötum eftir að QuizUp lokaði,“ segir Vala. „Eftir að hafa starfað í sprotaumhverfinu togar í mann að skapa eitthvað sjálfur. Við fórum að hugsa um allt fólkið sem við litum upp til og þegar það stóð á álíka tímamótum. Okkur langar til þess að heyra hvernig það komst á þann stað sem það er í dag. Við ákváðum því að stofna podcast þar sem við fáum eftirtektarvert fólk til að segja sögu sína.“ Stefania tekur undir með Völu. „Við ætlum að forvitnast um þær hindranir sem urðu í vegi þeirra og hvaða ákvarðanir urðu órlagaákvæðanir. Einnig viljum við veita mannlega innsýn inn í störf sem virðast fjarlæg; eins og stjórnarformaður eða forstjóri. Hvernig lýsir þetta stökk sér, frá einum stað til annars.“

„Við ákváðum því að stofna podcast þar sem við fáum eftirtektarvert fólk til að segja sögu sína.“

„Drifkraftur þessa podcasts er ekki siður að skapa fleiri fyrirmyndir fyrir ungar konur,“ segir Vala og áréttar að því fleiri sýnilegar fyrirmyndir, því fleiri sæki í starfið. „Ef Zuckerberg væri kona þá væri landslag tæknigeirans sennilega ólíkt í dag. Við Stefania viljum leggja



**Vala**  
Mural - Libertine – Libertine  
Elva Oxford - Norse Projects  
Disco Sport Afia Socks - Mads Nørgaard  
Fast - Adidas Originals

**Stefania**  
Whiz Olive Stripe - Libertine – Libertine  
Restrict - Libertine – Libertine

okkar af mörkum að laga þessa skekkju. Fá konur og karla til að segja sögu sína, gefa þeim vettvang til að vera fyrirmyndir svo fleiri geti fylgt í þeirra fótspor," segir Vala og Stefania tekur í sama streng. „Það er svo mikið af eftirtektarverðu fólki sem flýgur undir radarinn því starfs síns vegna þarf það ekki að markaðssetja sig. Við viljum vekja athygli á þeim.“

### Segja „já“ við tækifærum

Þetta er ekki í fyrsta skipti sem Vala og Stefania beita sér fyrir í slíku málefni. Hjá QuizUp unnu þær markvisst að því að ráða inn fleiri konur. Stefania segir þær hafa beitt fjölþættum leiðum. „Við héldum viðburði fyrir konur í tækni, unnum með Sys/tur, félagi kvenna innan tölvunarfræðideildar í HR, og gættum þess að á öllum sviðum væru konur innan fyrirtækisins sýnilegar.“

Það reyndist áskorun að hafi upp á konum í forritun en Vala og Stefania líta björtum augum til framtíðar. „Þetta virðist vera að breytast. Konur eru að streyma í auknum mæli í tölvunarfræði í háskólanum," segir Vala en nefnir flóknara vandamál

sem nauðsynlegt er að ávarpa. „Við konur erum þjakaðar af loddaraheilkenni (e. impostor syndrome), að finnast við ekki starfsins verðugar eða nógu góðar.“ Á fundi Ungra athafnakvenna fór Vala orðum um þessa hugsunarvillu. „Við megum ekki brjóta okkur niður. Við hvert tækifæri reyni ég að hvetja ungar konur til þess að segja óttalaust „já“, það er svo mikið af tækifærum þarna úti.“

Það eru þó fleiri tildrög á kynjaskekkju ýmissa stétta samfélagsins. Ekki má álasa konum einum. Samfélagið í heild sinni þarf á naflaskoðun að halda. „Almennt gerum við þá kröfu að konur séu með reynslu en karlar séu með „potential“," segir Stefania og bendir á hversu mikið vægi tengslanet hefur í atvinnulífinu. „Karlar virðast benda frekar á karla. Við settumst niður í fyrirtækinu og

skrifuðum niður nöfn þeirra sem við myndum vilja ráða og starfa með. Af hátt í 100 manna lista voru aðeins 10% af þeim konur og þær komu allar frá öðrum konum, nema ein.“

### Þeir mennirnir

Þegar umræður um jafnrétti eru hafnar á annað borð er alveg eins gott að tala tæpitungulaust. Báðar hafa þær fengið sig fullsaddar af karllægri tungu okkar Íslendinga. Þá tilhneigingu að tala um „þá“ í staðinn fyrir „þau," að segja „menn“ í staðinn fyrir „fólk.“ „Oft dett ég út úr samtölum þegar einhver í kringum mig fer að tala um mig í karlkyni. Þegar talað erum að við séum „búnir“ á fundinum eða „ákveðnir“ á þessu. Vandamálið er hvað íslenska er ótrúlega kynjað tungumál. Við þurfum að velja á milli þess að segja:

þau, þeir eða þær. Á ensku þá er aðeins talað um they.“ Vala segir þetta ekki eingöngu bundið við vinnustaði heldur samfélaginu að jafnaði. „Ég tók mikið eftir þessu í kringum EM ævintýrið í sumar. Það var stöðugt talað um áhorfendur í karlkyni og helmingur þjóðarinnar var undanskilinn: „Við erum búnir að vinna.“ Svo

í kosningunum er talað um stjórnámálamennina, „þeir“ ætla að gera þetta og „menn“ ætla að ræða málin," segir Vala og Stefania hlær. „Já það eru alltaf þessir „menn“ að ræða hluti og velta þeim fyrir sér.“

### Betrun og bókaklúbbur

Að leita sífellt leiða til að verða betri í starfi, betri leiðtogi og fanga allt það skemmtilega sem lífið hefur upp á að bjóða sameinar þær vinkonur. „Við lesum mikið bækur og greinar, hlustum á podcöst og mætum á viðburði. Því er alltaf haldið fram að Ísland sé svo lítið en það er ótrúlega margt spennandi að gerast," segir Vala. „Það mikilvægasta sem ég geri að einblína stöðugt á betrunina. Það er engin töfra-aðferðafræði eða lykilmál. Heldur skiptir máli að halda sér


á tánum, kynna sér nýjar leiðir og tækni og heimfæra þær á sjálfa sig," segir Stefania. Bókaklúbburinn þeirra veitir aðhald að lestrinum og vettvang til að ræða málefni og læra hvert af öðru. „Það er mikilvægt að heyra frá öðrum þeirra upplifun og túlkun. Þetta er alveg ótrúlega skemmtilegt og agar mann til þess að lesa meira," sammælast þær.

### Styrkur að vera maður sjálfur

Aðspurðar hvort þær hafi tekið einhverjar ákvarðanir, gildi og hugsjónir með sér út á vinnumarkaðinn vestf þeim tunga um tönn. „Það er mjög auðvelt að svara þessu klisjulega," segir Stefania hlējandi og heldur áfram. „Ég þæli hinsvegar mikið í því hversu mikil áhrif á ákvarðanatöku mína það hafði að vilja ekki verða konan sem samfélagið ákveður að maður sé. Þessi ábyrgðartilfinning að falla ekki inn í eitthvað box. Hvort sú hugsun hafi valið stærðfræði í háskólanum fyrir mig eða starf í tæknigeiranum. Ég veit það ekki, alveg örugglega ekki. En það drífur mig vissulega áfram, að reyna stöðugt á þolmörkin og fara út fyrir þægindarammann. Hvað varðar ákvarðanir ákvað ég að vera auðmjúk gagnvart eigin vanþekkingu, verða alltaf betri, læra af sjálfri mér og öðrum.“

Vala tekur undir. „Ég er mjög sammála, það skiptir máli að láta ekki einhver annan setja þér mörk. Ég trúir því að við höfum öll okkar tól í tækjaboxinu og hægt sé að nýta þau á svo ótrúlega fjölbreytta vegu. Við veljum ekki lengur eitthvað eitt ævistarf heldur markmið. Ég ákvað að láta í mér heyra, gera mig breiða og vera góð fyrirmynd. Ég hef aldrei sett mig í neinar stellingar eða reynt að vera einhver önnur til að passa inn í karllægt form. Maður verður að finna styrkinn í að vera maður sjálfur.“♦

„Ég ákvað að láta í mér heyra, gera mig breiða og vera góð fyrirmynd.“



# UNISEX

Í raun eru unisex föt smækkaðar útgáfur af okkar hugmynd og staðalímynd um karlmannsföt. Svo konur geti líka gengið í „karlafötum“. Það væri samt gaman að sjá frekari þróun í hina áttina. Unisex kjóla, pils, blómóttar skyrtur, blúnduboli og leður-buxur. Stækkaðar útgáfur af kvenmannsfötum, þú veist, unisex.

**MYNDIR**  
SNORRI BJÖRNSSON  
**FYRIRSÆTUR**  
LEIFUR HREGGVIÐSSON,  
ANTON HOÁNG  
ÁGÚST ELÍ ÁSGEIRSSON





Martina Oxford - Norse Projects  
Cash Lamb Kula - Mads Nørgaard  
Blown - Libertine - Libertine  
Ultraboost - Adidas



Helvig Lambswool - Norse Projects  
Mural - Libertine - Libertine  
Birna Wool - Norse Projects  
Superstar Slip-On - Adidas Originals

“Because *women's* clothes are [slimmer] than men's clothes. The jeans I got on right now, they're *women's* jeans. But they fit how they're supposed to fit. Like a rock star. The only thing I probably have in men's is, like, briefs. T-shirts. Ninety percent of my clothes are *women's*.” ♦

*-young thug*

Í VIÐTALI VIÐ GQ MAGAZINE, 2015



Þetta er Björk Þorgrímsdóttir (👤). Hún er ljóðskáld og er óhrædd við að kalla sig það. „Skáld, þá sérstaklega stelpur, eru oft feimnar við að titla sig sem skáld, rithöfund eða listamann. Á meðan strákar virðast eiga auðveldara með það,“ segir Björk, en skilgreiningin er einföld. „Skáld er sá sem vill deila sínu sjónarhorni, sinni tjáningu og upplifun með öðrum.“

Björk gaf út sína fyrstu ljóðabók, Neindarkennd, fyrir tveimur árum í seríu Meðgönguljóða. S.v.o.n.a.k.o.n.a fjallar um það að enda á stað sem maður vill ekki enda á. Við viljum hafa stjórn og stefnu á eigin ferðalagi en örlögin eru ekki alltaf þannig.“ Björk segir mikla grósku í ljóðaheiminum í dag. „Ljóðið er komið aftur. Ég trúi að það sé mannbætandi og sálarbætandi að lesa ljóð, þau geta læknað margt.“



**S.v.o.n.a.k.o.n.a.** VERÐ ÉG EINHVERN TÍMANN SVONA KONA. SVONA KONA MEÐ SVONA ELDHÚS SEM ELÐAR NAGLA Í SVONA KÁSSU. SVONA KONA SEM GLOTTIR SVONA GLOTTIR MEÐAN TALFÆRIN BLÆÐA. SVONA KONA SEM SÝÐUR SÚPUR OG ÞAÐ BRENNUR AÐ INNAN OG ÞAÐ SVÍÐUR SVONA AÐ INNAN. SVONA KONA SEM KÆFIR SVONA TÁR. SVONA KONA SEM KÆFIR SVONA Í FÆÐINGU TÁR OG VEIT EKKI AÐ HÚN DRUKKNAR SVONA AÐ INNAN. SVONA KONA SEM ELÐAR MENN SVONA MENN ÞÚ VEIST Í MIÐDEGISVERÐ.


VERÐ ÉG EINHVERN TÍMANN SVONA KONA. VERÐ ÉG EINHVERN TÍMANN SVONA KONA SEM DREKKUR KAFFI OG DREKKUR KAFFI MEÐ SVONA KONUM SEM ÞYKJAST OG ÞYKJAST HLÆJA SVONA HLÁTRI. SVONA KONA SEM SÝGUR ÞÖGN OG SINNIR SKYLDUM. SVONA KONA SEM EKKI HEFUR SVONA TÍMA EÐA EFNI Á SVONA TÍMA VANTAR EFNI Í SVONA TÍMA.

VERÐ ÉG EINHVERN TÍMANN SVONA KONA. VERÐ ÉG EINHVERN TÍMANN SVONA KONA SEM VINNUR STANSLAUST OG VINNUR STÖÐUGT Í SVONA RAMMA OG FESTIR RÆTUR VIÐ SVONA STÓLA SEM SNÚAST HRATT. SVONA KONA SEM FÆÐIR HAUSA LITLA HAUSA OG LIFIR SVONA LIFIR BARA, FYRIR ÞÁ, BARA ÞÁ. SVONA KONA SEM SAFNAR TÍMA. SVONA KONA SEM EKKI NOTAR SVONA TÍMA OG SVONA DAUÐI, ÞÚ VEIST, DEYR. SVONA KONA SEM ENGINN SAKNAR NEMA HAUSAR, LITLIR HAUSAR, SEM HÚN HATAR, LITLIR HAUSAR OG HÚN DEYR. VERÐ ÉG EINHVERN TÍMANN SVONA KONA. SVONA KONA. SVONA KONA. SVONA. KONA.

– BJÖRK ÞORGRÍMSDÓTTIR



# vala roff

Þetta er Vala () , hún er *artist liaison*. „Það er ekkert almennilegt heiti yfir þetta á íslensku. Ég hóf nýlega störf sem *artist liaison* á Iceland Airwaves ásamt legendinu Siggu Óla og nokkrum vinum okkar,“ segir Vala. Í starfinu felst að sjá um öll baksvið hátíðarinnar og mæta helstu þörfum listamanna. „Við höfum sinnt þessu starfi yfir aðrar hátíðir, til dæmis Sónar og Secret Solstice. Þetta er mjög mikil vinna en á sama tíma mjög skemmtilegt. Þetta snýst aðallega um að vera á tánum og vera góður í mannlegum samskiptum.“♦



*myd er unface white*

„Þessa XR1 fékk ég í Húrra en ég var fyrir norðan þegar þeir droppuðu svo ég bað Egil, kærastann minn, um að kaupa þá. Hann stökk auðvitað til, mætti fyrstur og keypti fyrsta parið.“

*fenty x pump camp creepers*

„Ég keypti Fenty skóna í Barcelona. Þeir voru þá nýlentir í búðir og ég rakst á þá fyrir tilviljun. Ég var nýbúin að skoða þá og leit á þetta sem merki að ofan. Þeir voru nýlega valdir „Shoe of the Year“ af Footwear News, það var ágætt co-sign á þá.“







ALPHA INDUSTRIES INC.



Reynsla og hæfileikar —

Pernille  
Schwarz

Gagnslaust án hvors annars





Pernille Schwarz (👤) er yfirhönnuður og ein af stofnendum danska fatamerkisins Libertine-Libertine. Vörumerki sem kúnnar Húrra Reykjavík þekkja eflaust til. Pernille ásamt eiginmanni sínum Rasmus Bak og vini þeirra Peter Ovesen hösluðu sér völl í tísku-íðnaðinum á árunum eftir hrun. Til þess þurfti drifkraft og skuldbindingu, en fyrstu árin var íbúð hjónanna skrifstofan og svefnherbergið lagerinn. Í dag eru vörur Libertine-Libertine seldar í yfir 180 verslunum í 16 löndum. Hönnunin er einföld og mikil áhersla lögð á gæði í efnum og sniðum. Borgarljós, yfirgefnar stendur og samtímalist er meðal þess sem veitir Pernille innblástur við hönnun fatnaðarins.

**TEXTI**  
SVANHILDUR GRÉTA KRISTJÁNSDÓTTIR  
SINDRI JENSSON  
**MYNDIR**  
DENNIS MORTON

## Lýstu þér og lífi þínu þessa stundina.

Ég er 39 ára gömul kona sem elskar að vera á fullu, móðir tveggja ára óreiðu-þéssa sem heitir Luke.

## Hvers vegna fatahönnun? Hefur tíska alltaf fylgt þér?

Ég er úr fjölskyldu fullri af arkitektum svo fagurfræði hefur alltaf verið stór partur af lífi mínu, hvort sem það eru byggingar, list eða já, fót. Ég lét eftir mér að horfa á falleg tónlistarmyndbönd á MTV í lok niunda áratugarins og í upphafi þess tíunda. Ég tók sérstaklega eftir ólíkum kóreógrafíum og sviðsmyndum. Sá heimur opnaði fyrir mikinn innblástur. Hins vegar, eftir að hafa lokið starfsnámi hjá Cacharel árið 2002 og útskrifast með meistaraáráðu í tísku frá hinum virta Design-skolen Kolding varð ég fyrst harðakveðin í að fylgja eftir draumi mínum að starfa sem hönnuður. Hvernig varð Libertine-Libertine til?

Okkur langaði að byrja með vörumerki og fyrirtæki sem byggði á innsæi og existensialískum gildum. Vettvangur þar sem við gætum þróað áfram ást okkar á hágæðavörum og mótað okkar sýn á nútíma fagurfræði.

## Lýstu upphafsárum Libertine-Libertine. Hvernig var að stofna nýtt vörumerki og fóta sig á mjög samkeppnishæfum markaði?

Við byrjuðum í miðri hringiðu efnahagshrunins og til að vera alveg hreinskilin vorum við mjög meðvituð um það hversu stór áskorun þetta var. Fyrsta skrifstofurýmið var staðsett í stofunni heima hjá okkur þar sem Peter mætti á hverjum morgni kl. 9 og læsti sig inni. Það voru hrúgur og heilu kassarnir af sýnishornum í svefnherberginu okkar og greyð Peter var með allan lagerinn í stofunni heima hjá sér á fjórðu hæð. Við bárum svo mikið af kössum upp og niður stiga í þá daga.

Fyrstu tvö árin vorum við meira og minna á stanslausu ferðalagi um Evrópu til að byggja upp traustan grunn af verslunum sem studdu okkur og trúðu á vörumerkið. Ég man skýrt og greinilega eftir því hversu spennuþrungin þessi ár voru vegna efnahagsástandsins, fólk hafði áhyggjur af framtíð sinni. Þess vegna lögðum við upp með að koma inn með jákvæða orku og settum enga pressu á viðskiptavinum okkar. Þetta yfirvegaða hugarástand var það sem kom okkur á góðan stað og ýtti merkinu af stað.

Nýlega rifjuðum við upp ferðasögurnar og þær eru efni í heila bók.

## Hefur hlutverk þitt breyst eftir því sem fyrirtækið stækkar?

Á fyrstu frumkvöðlaárunum sinntum við stofnendurnir alltof mörgum hlutverkum, aðeins þannig gat dæmið gengið upp. En með tíð og tíma hef ég náð að mynda frábært teymi í kringum mig svo ég get einbeitt mér að því sem ég geri best, að leita uppi hágæðaefni og hanna fót.

## Að verða foreldri, hvernig hefur það breytt sýn þinni á lífið?

Það er risavaxið fyrirbæri. Að verða vitni að því hvernig náttúran breytir þér andlega og líkamlega er gjörsamlega ótrúlegt. Þegar hægist svo á áttar maður sig á því að allt umburðarlyndi fyrir þessu rugl-lífurni sem fylgdi „gamla“ lífinu er búið. Þeim glugga hefur verið lokað og innsiglað fyrir fullt og allt. Á sama tíma eykst skilvirkni, kraftur og lífsgæði til muna. Ég lit á lífið sem fullkominn hring og stöðugleiki er nú mikilvægari en nokkru sinni fyrr.

## Á hvaða tímamarki stoppaðir þú og hugsaðir, ég hef náð frekar langt?

Veistu, það hafa verið nokkuð margir hápunktar á þessari ævintýraför og í hvert sinn sem við náum markmiðum okkar liður mér vel og ég fyllist stolti. Þar að auki hefur höfum við í fyrirtækinu þróað með okkur öflugan hæfileika í að fagna þessum sigrum. Það er eitt af því sem ég elska við Libertine-Libertine, það heldur starfsandanum uppi.

## Hvernig er að starfa og reka fyrirtæki með eiginmanni sínum?

Lifandi martröd! Nei, við höfum þróað með okkur gott jafnvægi á vinnu og einkalífi. Einnig höfum við lært að notfæra okkur kostina við þessa sveigjanlegu aðstöðu, það er einn stærsti kosturinn við það að reka fyrirtæki saman.

## Hvort er mikilvægara, reynsla eða hæfileikar?

Bæði er gagnslaust án hvors annars. Mjög mikilvæg lexía.

## LL er stofnað árið 2009, hversu mikið hefur merkið þurft að aðlagast samfélagsmiðlum?

Samfélagsmiðlar eru öflugt samskiptatól, klárlega, og við stöndum fast á því að koma okkar efni á framfæri smekklega og með þokka. En á sama tíma tölum við

mikið um að eyða ekki meiri kröftum í þá en þeir eiga skilið.

## Skipta sýningarpallarnir máli fyrir vörumerki eins og Libertine-Libertine?

Nei, það er mín trú að við þössum alls ekki í það snið.

## Þemað er drifkraftur. Hver er þinn?

Ég myndi segja það að helga sig einhverju, ef ég má aðeins velja eitt.

## Uppáhaldsflíkin þín í augnablikinu?

Ég bókstaflega bý í rúllukragapeysunum okkar sem eru úr merino-ull. Þetta er svo mikið hágæðaefni, sem gerir flíkina ótrúlega fjölhæfa og hentuga fyrir kuldann í Kaupmannahöfn. Sama hvernig þú útfærir heildarútlitið mun flíkin alltaf veita því glæsileika og klassískt ívaf.

Fvrr utan þevsurnar er éa einstaklega mikið

fyrir stórar, falletgar kápur.

## Einkunnarorð?

Ætli það sé ekki: „Lífið er það sem þú gerir úr því.“

## Hvernig sérðu framtíð Libertine-Libertine fyrir þér?

Við viljum halda áfram að reka líflegt fyrirtæki sem hefur háleit markmið og stefnir alltaf áfram. Á sama tíma viljum við halda í okkar gildi og aðferðir í vöruþróun, hvernig við stöndum að okkar viðskiptum. Við erum með mjög ákveðnar skoðanir í þeim málum. Þar fyrir utan höfum við nýlök við áætlanir fyrir 2017 og ég er sérstaklega spennt þar sem við stöndum frammi fyrir okkar stærsta ári til þessa. Það er margt í kortunum hjá Libertine-Libertine samsteypunni.♦



# Áróra



Þetta er Áróra Bergsdóttir(👤). Hún er 18 ára MH-ingur. Hún hefur verið „of lengi“ á Tumblr að eigin sögn. Hún hefur gaman af því að fara í göngutúra, lesa og ljósmynda. Áróra er með 17.000 fylgjendur á Tumblr. „Ég var alls ekki að sækjast eftir því. Þetta gerðist bara óvart, ég er búin að vera svo lengi í þessu. Ég er með krúttlegan stíl og er stelpa frá Íslandi, það hefur eitt-hvað hjálpað.“

Áróra gengur oftast með myndavél á sér. Hún tekur um tuttugu ljósmyndir á dag en það sem fangar helst auga hennar eru byggingar, smáatriði og hreyfing í umhverfinu.♦




MYND HREFNA

ÁRÓRA BERGSDÓTTIR



„Myndirnar mínar eru allar mjög neutral. Einfaldir litir og smáatriði fanga auga mitt. Línur á byggingum og hreyfing í umhverfi.“








adidas



# ARNA INGA

Þetta er Arna () , hún elskar að skapa. „Tíska er mitt helsta áhugamál og er klárlega eitthvað sem ég stefni á að vinna við í framtíðinni. Mér hefur alltaf þótt gaman að skapa hluti. Hvort sem það er að teikna, sau- ma eða búa til skartgripi.“ Um þessar mundir er Arna að klára stúdentinn samhliða því að vinna á Sæta Svíninu.

Arna hefur áhuga á öllu sem tengist fatnaði og tísku, ekki síst sneakers. „Þeir geta nefnilega toppað lúkkið. Þeir eru líka þægilegir og úrvalið fjölbreytt af flottum sneakers. Þú getur fundið þar fyrir öll tilefni.“ Adidas Y3 eru í uppáhaldi, en Arna heldur mikið upp á hönnuðinn Yohji Yamamoto. „Adidas Climacool eru frekar sporty, sem mér finnst töff. Bæði Nike Air Max Plus og Nike Air Max 95 eru í miklu uppáhaldi því þeir passa við nánast hvað sem er og eru eftirtektarverðir.“♦



NIKE AIR MAX 95




NIKE AIR MAX 95


Mæðraveldið lætur

Elísabet  
Jökulsdóttir

rigna glimmeri





Hún var þreytt á feðraveldinu, talaði um geðveiki, lifði fyrir skáldskapinn og náttúruna og vildi verða forseti. Hún hlaut að vera klikkuð. „Ég er ekki með varalit, en samt er ég að tala,“ sagði Elísabet Kristín Jökuldóttir () og lofaði að láta rigna glimmeri ef við kysum hana til forseta.

**TEXTI**

SALVÖR GULLBRÁ ÞÓRARINSDÓTTIR

**MYNDIR**

SNORRI BJÖRNSSON

Elisabet stendur við tölvuna úti í horni í litla húsinu við Framnesveginn. „Ég var að fá klósett-póst, segir hún svo náttúrulega að það hljómar eins og nýyrði yfir storpóst, „martröð í pípunum segja þeir, ekki kurlta niður blautpurkkunum,“ tilkynnir hún. Svo hellir hún upp á kaffi.

„Ég var að velta fyrir mér hvað ég ætti að gefa út núna. Ég var búin að skrifa heilt handrit um dauðann af því þegar ég varð fimmtug varð ég skithrædd við að deyja. Sá dauðann í andliti hvers sem er og fannst allir eins og fölnandi blóm. Mér fannst ég hafa verið svikin um lífið — ég ætti tíu ár eftir og færi svo á elliheimili. Ég var með dauðann á heilanum í fjögur ár þar til ég fór að yrkja um hann og endaði með 30 ljóð um dauðann sem ég veit ekki hvort ég þori að gefa út, segir hún glettin.

*Þegar Elisabet talar er eins og milljón hugmyndir flæði í gegn um hana í einu, og hlusti maður ekki grannt gæti maður misst af þeirri mikilvægustu.*

„Maðurinn er búinn að hafna guði og djöflinum líka og heldur að hann sé bara einn eftir á plánetunni í aðalhlutverki. Allir eru svo þreyttir, eru í búðinni eða í umferðaræði, að manni finnst magnað að sjómenn og kennarar hafi þrek í að fara í verkfall og rísa upp. Þess vegna verðum við að skoða þá staðreynd að við erum ekki heilar manneskjur alltaf. Það er þessi tvískinnungur manneskjunnar: Ég var úti í Svíþjóð og komst að því að á meðan þeir knúsa flóttamenn með annarri hendi selja þeir vopn til Saudi Arabíu með hinni. Við Íslendingar sýnum hval með annarri og veiðum hann með hinni, byggjum álver með hægri hendi og seljum náttúruna með vinstri.

Ef maður ætlar að vera með tvískinnung er það svo sem í lagi, en þá verður maður að horfast í augu við hann. Bara svona eins og að vera alkóhólisti. Að viðurkenna hver maður er, það er fyrsta skrefið að bata.“

### Leiðtoginn Elisabet

*Framboð Elísabetar var með þeim óvæntari í forsetabaráttunni þó framboðendur kæmu jafnt úr röðum rithöfunda, pólitíkusa og sagnfræðinga.*

„Í fyrsta lagi vildi ég finna leiðtogann í mér því ég

vissi að ég ætti hann til. Góður leiðtogi er sá sem hlustar um leið og hann talar. Góður leiðtogi er sá sem hlustar jafnmikið á þig og þú á mig. Í öðru lagi var þetta gert af svoltið gamaldags ættjarðarást — ég elska Ísland og Íslendinga, og þá meina ég líka selina og fiskana í sjónum og fjöllin, því þau eru líka Íslendingar. Í þriðja lagi vissi ég að ég væri öðruvísi og ætti auðvelt með að ná sambandi við fólk svo mig langaði að leggja mitt af mörkum með þessi málefni. Svo fer fólk að spyrja „hvað ætlar þú að standa fyrir, hvað ætlar þú að gera,“ sem var svo fyndið því forseti á einmitt ekki að gera neitt.

*Í stað þess að halda hefðbundinn blaðamannafund til að tilkynna framboð sitt til forseta Íslands hélt Elisabet kvennafund í Þjóðleikhúsinu:*

„Við Íslendingar sýnum hval með annarri og veiðum hann með hinni, byggjum álver með hægri hendi og seljum náttúruna með vinstri.“

„Ég vissi ég að forsetaframboðendur ættu að halda blaðamannafund, en glímdi við svo miklar efasemdir um mig: Þú ert ekki nógu sæt, þú talar ekki frönsku og ekki nógu góða ensku til að verða forseti, hugsaði ég. Því þegar maður stígur svona nýtt skref koma allir draugarnir manns og stöðva mann.“ Elisabet talaði svo við mann úti á götu sem sefaði áhyggjur hennar. „Hann sagði bara: Hvaða vitleysa, ég er enskukennari og þyddi nú oft yfir á ensku fyrir hana Vigdís forseta. Sjáðu til, þegar maður talar við einhvern um draugana losnar oft um þá.“ Elisabet stofnaði í framhaldinu viðburð á Facebook undir nafninu Framboðsfundur.

„Ég fékk þá einhver tvö læk en prófaði svo

í gríni að breyta nafninu í „Snyrtivörkynning“ og þá komu bara tvö hundruð læk, skilurðu,“ segir Elisabet og hlær. Á internetinu er ekki allt sem sýnist. Snyrtivörkynning með spákonu, stílista og baráttufundi kvenna: „Partý þar sem þú verður aðalstelpa á ballinu,“ lofaði Elisabet og laðaði að fjölda forvitinna kvenna. Forsetabaráttan var byrjuð.

### Mæðraveldi Elísabetar

*Auk kvennafundarins stóð Elisabet í kosningabaráttunni fyrir stofnun svokallaðs Mæðraveldis; Kvennafundar þar sem konur úr öllum áttum héldu fyrirlestra, allt frá hinni 16 ára Unu Torfadóttur, sem þekkt er fyrir barátta sína fyrir kvenréttindum, til Valgerðar H. Bjarnadóttur sem hélt fyrirlestur um mæðraveldi til forna.*

„Fyrst og fremst ég var komin með nóg af þessu feðraveldi. Sjálf er ég komin af kennurum og ég hef oft hugsað „Æ, kennarar eru svo leiðinlegir,“ en þarna vaknaði kennarinn í mér. Mig langaði að fá einu sinni í mánuði fyrirlestra frá konum, hvort sem þær væru skósmiðir eða háskólaelevatorar, um hvað þær væru að gera. Mæður eru nefnilega merkilegar, mér finnst ég geta tekist á við hvað sem er því ég hef skipt á bleium.“

*Elisabet hlaut 1280 atkvæði í forsetakosningunum en margfalt fleiri aðdáendur — einn pistlahöfundur kallaði framboð Elísabetar fallegasta framboðið. Orð sem Elisabet segir besta hrós sem hún geti ímyndað sér.*

„Fólk kom upp að mér úti á götu eftir baráttuna og sagði: „Þetta var æði hjá þér!“ og þá sagði ég „Já, takk fyrir það, kaustu mig?“ og það svaraði „Nei ég kaus Guðna, eða Höllu eða einhvern.“ Ég áttaði mig á því eftirá að fólk fílaði mig því ég er jafningi þeirra. En fólk vill ekki jafningja sinn í embætti,“ útskýrir hún, útskýring sem rímar sannarlega við

það hvernig auðjöfur nokkur fékk nýlega meirihluta atkvæða bandaríks láglaunafólks í sinn hlut, þrátt fyrir að ólíklegt sé að hann komi til með að deila auðinum með kjósendum.

### Skáldið Elisabet


*Elisabet var ein tveggja skálda sem buðu sig fram í ár, og segir skáldskapinn hafa verið stóra ástæða framboðsins.*

„Íslendingar eru allir svo skáldlegir. Þær dyr standa okkur svo opnar. Þegar ég var að fara í fyrsta sjónvarpsþáttinn vegna framboðsins í apríl horfði ég á dögginna á grasinu og hugsaði til stráks sem bjó hér niðri í húsinu,“ segir Elisabet. Drengurinn sem tók eigið líf 16 ára gamall var að sögn Elísabetar eins og engill með stór augu sem spurði mikið eins og börn gera. „Ég fór að hugsa svo mikið um hann þennan apríldag. Ég horfði á dögginna á grasinu og orti ljóð um hana. Þá kom hugmyndin um að við yrðum að lifa í skáldskap, og þess vegna færi ég í framboð. Þetta með skáldskapinn hefur auðvitað verið sagt áður en mér tókst að segja þetta svoltið uppá nýtt, og mér fannst sem hann hefði átt þátt í þessari hugmynd,“ segir Elisabet og horfir út um gluggann á meðan hún kemst að kjarna frásagnarinnar:

„Skáldskapurinn gefur okkur frelsi til að kalla hlutina öðrum nöfnum. Um leið og þú getur til dæmis kallað sorgina eitthvað annað en sorg, kallað hana „amma“ eða „ástarsamband,“ þá losnar um hana. Þessi litli strákur lífnar við í mínum skáldskap.“

### Elisabet innilokuð

*Elisabet er nýkomin úr þriggja vikna ferðalagi um Norðurlöndin vegna tilnefningar nýjustu bókar hennar, „Ástin ein taugahrúga: Enginn dans við Ufsaklett,“ til Bókmenntaverðlauna*



Norðurlandaráðs. Elísabet hefur skrifað 23 bækur síðan hún gaf út sína fyrstu bók um þrítugt, „Dans í lokuðu herbergi“ árið 1989. Elísabet hefur alla tíð skrifað sögur um konur sem eru innilokaðar. Í gegnum þær sögur lýsir hún reynslu sinni af geðveikinni, sem hún segir líkt og að vera lokuð inni í innri heimi sem ekki fæst alltaf aðgangur að.

„Þegar ég veiktist á geði 1979 og var sett inná Klepp var ég lokuð inni í herbergi, það var svo mikið áfall að það tók mig 30 ár að uppgötva að ég væri enn inni í lokuðu herbergi. Ég sit kannski hér og tala við þig en ég er samt lokuð inni í herbergi,“ segir hún, þrælvön að setja geðsjúkdóma í samhengi fyrir þá sem ekki hafa reynslu af þeim:

„Allt í einu fattaði ég að þetta er ástæða þess að margt er svona erfitt fyrir mig. Ég hélt ég væri skrimslí. Þessi útskúfunartilfinning sem fylgir veikinni — ég held stundum að hún sé í genunum. Ég var lokuð í herberginu og vissi ekki af því. Það skiptir svo miklu máli að hafa meðvitund um þetta herbergi.“

### Barátta Elísabetar

Elísabet undirbýr nú útgáfu bókar um reynslu sína af forsetaframboðinu. Bókin verður samansett úr efni sem Elísabet samdi á Facebook og á öðrum miðlum:

„Mig langar að gefa út bókina fyrir sjálfa mig og til þess að þessi reynsla hverfi ekki bara í alheiminn.“ Forsetabaráttan hafi verið barátta sem þarf að varðveita. „Mamma segir alltaf að það yrði að passa vel upp á hlutina. Það verður að passa upp á alla baráttu. Ég man þegar ég mótmælti Kárahnjúkavirkjun heilan vetur og skrifaði litlar og stórar greinar um það. Svo hurfu þær bara og það var farið að tala um eitthvað annað. Hún nefnir #free-thenipple–baráttu síðasta árs sem dæmi um slíka baráttu: „Þegar ég var tvítug lá maður til dæmis áhyggjulaus á brjóstunum í Vesturbæjarlauginni en núna bíður maður bara eftir að sundvörðurinn komi ef maður laumast til þess og segi: „Heyrðu, viltu ekki hysja upp um þig?““

En það viljum við ekki, og Elísabet er vís til að halda baráttunni áfram. Hvort sem baráttan er fyrir því að vernda hálandin, tala um lokuðu herbergin eða vera varalitarlaus forseti með geðsjúkdóm í farteskinu. Elísabet er svo margt og þykist aldrei vera eitt. Hún hefur nefnilega viðurkennt hver hún er fyrir löngu.♦

„Góður leiðtogi er sá sem hlustar jafn mikið á þig og þú á mig.“






MYNDIR HREFNA BJÖRG GYLFADÓTTIR

Mash Knit Directa Army - Mads Nørgaard  
Royal Studio Auden Socks - Mads Nørgaard  
Fast - Adidas Originals



Jane Block Socks - Norse Projects  
Gazelle - Adidas Originals





Techfleece Pants - Nike Sportswear  
Techfleece Jacket - Nike Sportswear  
Internationalist - Nike Sportswear



MYND SVANHILDUR GRÉTA KRISTJÁNSDÓTTIR



Þetta er Eva (👩), hún er menntaður fatahönnuður og jógakennari. „Ég vann sem yfirhönnuður hjá Samsøe & Samsøe. Á sama tíma stofnaði ég Envii og var yfirhönnuður þar.“ Á síðustu árum hefur Eva rekið sína eigin verslun og verkstæði, Ampersand, ásamt vinkonu sinni, Önnu Sóleyju. „Upp á síðkastið hef ég líka unnið freelance fyrir dönsk fyrirtæki, þá aðallega við að hanna skó og sem ráðgjafi fyrir skófyrirtæki. Þar fyrir utan hef ég hannað töskur og fylgihluti, tekið að mér verkefni sem listrænn stjórnandi og unnið við búningahönnun, myndskreytingar og stíliseringu. Núna vinn ég mikið fyrir Gló sem verkefnastjóri samfélagsmiðla, einnig erum við að vinna að íslensku jógameyki saman, sem er ekkert smá spennandi.“

Eva kennir jóga víðsvegar um bæinn í Jógastúdíó Ánanaustum, Mjúkri lendingu, Mjölni og Barnaskóla Reykjavíkur. „Þessa dagana er ég að leggja lokahönd á hönnun á íslenskum jógapilum fyrir börn og við Amper-sand-vinkonurnar erum að vinna að rosalega skemmtilegri bók sem kemur út í vor.“

Flestir dagar fara í það að hlaupa á milli jógatíma og funda og sækja börnin á leikskóla. Þá eru strigaskór hentugasti skóbúnaðurinn. „Ég er orðin of gömul fyrir óþægilega skó, ég get ekki lifað lífinu með hausverk í tán-um. Strigaskór eru tímalausir og því sjálfbærara og umhverfisvænna val en margt annað. Flottar týpur koma aftur í tísku og það að eiga gott safn af vönduðum strigaskóm er fjárfesting fyrir lífið.“♦



„Ég fékk þá á flóamarkaði fyrir 100 DKK. Svo góðu tilboði er ekki hægt að hafna.“



„Báða fékk ég í Naked í Kaupmannahöfn og nota þá óendanlega mikið. Henta vel við bæði gallabuxur og galakjól.“



„Þessa fékk ég í Wood Wood í Kaupmannahöfn. Mig bráðvantaði þægilega skó og þeir fást ekki þægilegri en þessir.“




„Þessa keypti ég á netinu fyrir mikilvægt atvinnuviðtal. Ég nota þá bæði við glimmergalla og jogginggalla.“







Vegna kulnunar í starfi fluttist listakonan Saga Sigurðardóttir () til Íslands í þeim tilgangi að finna ástríðuna í starfi sínu á ný. Full af eldmóði fór hún í verkefnið sem hana dreymdi um; að stofna eigið tímarit með draumateyminu og sínum áherslum. Hún ræðir ábyrgð sína sem ljósmyndara að sýna fjölbreytileika og ávinning þess að veita skapandi fólki listrænt frelsi. Þökk sé samfélagsmiðlum fá nördarnir tækifæri líka.

**TEXTI**  
SVANHILDUR GRÉTA KRISTJÁNSDÓTTIR  
**MYNDIR**  
HREFNA BJÖRG GYLFAÐÓTTIR



„Líkami okkar er eins náttúran, líkt og tré sem eldist, dýpkar og breiðir rætur sínar út. Sjálf hlakka ég til að eldast og þykir fátt fallegra.“



Meg Leather Skirt - Edwin  
Wool Ribba Teasy - Mads Nørgaard

„Það er kominn tími á fjölbreytni í tisku- og auglýsingabransanum. Ég lagði upp með að Blæti yrði breytingin sem ég vil sjá,“ segir Saga Sigurðardóttir, ljósmyndari og stofnandi tímaritsins Blæti sem hún vann ásamt Ernu Bergmann, en blaðið kom nýverið út. Í tímaritinu má finna þá flóru af konum og líkömum sem tisku- og auglýsingabransinn hefur lengi haldið utan mengisins. „Ég myndaði mjóar konur, feitar konur, konur með slit, konur með vöðva og allt þar á milli. Það skiptir svo miklu máli að sýna fjölbreytileikann en ekki undir því yfirskini að þetta sé „fjölbreytti hópurinn,“ heldur gera undantekninguna að venjuni.“

„Það kviknaði í mér eldur að vinna með svona skemmtilegu fólki. Við Erna höfum áður unnið saman og ákváðum að stofna Blæti og gera nákvæmlega allt sem við vildum,“ segir Saga og bætir við að ristjórnin hafi verið fullkomnuð með Sigrúnu Eddu Eðvarðsdóttur og grafíska hönnuðinum Helgu Dögg Ólafsdóttur.

### Fallegt að eldast

Hrukkur og hin alræmda appelsínuhúð berast til tals í samhengi við þá náttúrulegu þróun sem markaðurinn segir konum að halda aftur af. Enska hugtakið yfir appelsínuhúð birtist fyrst í Vogue tímariti árið 1968, fyrir það var appelsínuhúð einfaldlega húð, það þurfti ekki hugtak yfir það. Saga segist muna þann dag sem hún heyrði orðið fyrst. „Vinkona mín í grunnskóla fór allt í einu að tala um appelsínuhúð. Ég skildi ekkert hvað það væri, um hvað ertu að tala? Í dag er búið að gera appelsínuhúð að einhverjum slæmum hlut,“ segir Saga.

Það sama á við um hrukkur, hina náttúrulegu speglun á því að eldast. „Líkami okkar er eins náttúran, líkt og tré sem eldist, dýpkar og breiðir rætur sínar út. Sjálf hlakka ég til að eldast og þykir fátt fallegra,“ segir Saga og ítrekar mikilvægi þess að auglýsinga- og tiskubransinn axli ábyrgð. „Stundum þarf bara að stoppa og hugsa aðeins. Það skiptir máli hvað við segjum og birtum því það hefur áhrif.“ Upp á síðkastið hefur Saga þó fundið fyrir aukinni vitundarvakningu. „Það hefur myndast smá sjálfsástar-stemming og fólk er að kalla eftir fjölbreytileika.“

Spurð út í það hvenær hún hafi sjálf farið að finna

til ábyrgðar sem tiskuljósmyndari í þessum málum segir Saga: „Mér hefur alltaf fundist ég bera ábyrgð. Ég reyni að nota aldrei sigarettur á myndunum mínum. Þegar ég starfaði í London reyndi ég að nota dökkar fyrirsætur eins og ég gat en afturhaldið er enn meira þar. Ég er orðin leið á úreltri staðalmynd tiskubransans, en á sama tíma hugmyndinni um að „alvöru“ konur séu ekki mjóar konur. Það má ekki gleymast að mjög grannar konur verða oft fyrir fordómum. En í stað þess að velta mér uppúr því ætla ég að breyta þessu. Það gefur mér gott í hjartað.“

### Upplíði kulmun í starfi

Það einkenni Sögu að þurfa að finna hjartað í verkefnunum. Það var þess vegna sem hún fann fyrir kulmun í starfi á meðan hún bjó í London. „Ég vann þar í tæp átta ár. Það er ótrúlega dýrt að búa í London svo ég tók að mér mikið af svokölluðum e-commercial myndatökum, aðallega fyrir netverslanir. Ég gat verið að mynda stelpu á hvítum bakgrunni, kannski 120 lúkk á dag. Ég gæti allt eins verið að vinna í fiskverksmiðju, hugsaði ég á þeim tíma. Ég var farin að breytast í einhverja ljósmyndaverksmiðju. Hjartað var alveg farið úr því sem ég var að fást við,“ lýsir Saga sem ákvað að flytja heim til Íslands að leita ástríðunnar á ný.

### Þarf listrænt frelsi

Saga fór að sinna myndlistinni af mikilli ákefð, sökkva sér í ævisögur um listamenn, horfa á heimildamyndir og nördast, eins og hún kallar það. Hún fékk stöðu sem leikstjóri hjá Sagafilm og tók að sér verkefni sem buðu upp á listrænt frelsi. „Ég var valin sem ljósmyndari fyrir Nike global, eitt stærsta verkefni sem ég hef fengið. Það var algjört draumaverkefni. Við vorum bara tvö, enginn markaðsstjóri, stílisti, förðunarfræðingur eða slíkt. Ég gat bara keyrt um og hlapið á eftir fyrirsætunum í náttúrunni og verið í girnum. Með svoleiðis frelsi næst alltaf besta útkoman. Ekki með tuttugu manns að fylgjast með því sem ég er að gera. Eða með auglýsingafulltrúa á setti andandi ofan í hálsmálið á mér.“

Aðspurð hvort markaðs- og auglýsingabransinn sjái virðið í listrænu frelsi skapandi einstaklinga segir Saga málin geta verið flókin. „Auglýsingastofur þurfa að sinna kúnum þar sem markaðsfulltrúinn er oft milliliður. Hann er kannski

ekki tilbúinn til þess að taka áhættur eða skortir skilning á krafti samfélagsmiðla og skapandi nálgunar. Oft er ekki mikill peningur og verkin þarf að vinna hratt.“ Lykillinn að góðu verkefni er góður listrænn stjórnandi. „Listrænn stjórnandi velur rétta fólkið í teymið og þekkir styrkleika þess. Hann útskýrir verkefnið en gefur líka svigrúm til eigin túlkunar.“

### Nördarnir fá að njóta sín

Saga segir samfélagsmiðlana hafa breytt leiknum. Hún á þeim að þakka mörg sin stærstu verkefni, þar á meðal Nike herferðina. Fyrir 10 árum síðan byrjaði hún á Myspace og hefur byggt upp fylgjendahóp síðan þá. „Heimurinn minnkaði skyndilega þegar Myspace kom til sögunnar. Á sama tíma var blogg-senar stór og ég hélt úti vinsælu bloggi. Ég fékk fyrsta stóra verkefnið mitt í gegnum það.“

„Ég er mikill introvert. Mér finnst ekki gaman að fara að djamma eða hanga á barnum. Eitthvað sem var stór hluti í því að byggja upp tengslanet í gamla daga. Þá þurfti maður að hafa góð sambönd, mæta á viðburði og sýna fyrri verkefni sín í möppu.“ Þökk sé samfélagsmiðlum á borð við Instagram tilheyrir þetta sögunni til. „Feimna fólkið, „introvertar“ og við félagsfælna fólkið getum látið ljós okkar skína í gegnum samfélagsmiðlana. Það er svo geggjað.“



Saga segist alltaf hafa verið í sér en tíu ára var hún byrjuð að lesa Íslendingasögur. Hún hlaut hvatningarverðlaun frá forseta Íslands fyrir góðan námsárangur. „Þegar ég einblíni á eitthvað eitt, þá tek ég það alla leið,“ segir Saga og teygir sig í gamla úrklippubók. „Ég fann bók um daginn frá því ég var litil og heltekin af fiskum. Ég vissi allt um þá og skrásetti nöfn, hegðun og teikningar.“ Bókin er ekki aðeins hávísindaleg heldur vandlega uppsett og listræn með ljósmyndum, útklipptum auglýsingum af fiskafóðri og teikningum eftir Sögu. „Í dag tek ég nörda-tarnir, helli mér í eitthvað og kynni mér það frá öllum sjónarhornum. Ég hef séð það í gegnum tíðina að það er ekki endilega hæfileikaríkasta fólkið sem nær lengst heldur þeir sem eru duglegir og fullir af ástriðu.“ ♦

„Ég er orðin leið á úreltri staðalímynd tískubransans en á sama tíma hugmyndinni um að „alvöru“ konur séu ekki mjóar konur.“



# KRISTÍN DÓRA



Mér finnst þú svo sætur



Langar mig að kíkja í kaffi?



Viltu koma á deilt á Thai Style í Mjóddinni?



Þetta er Kristín Dóra Ólafsdóttir (). Hún er myndlistarkona og mikill talsmaður sjálfsástar. Kristín byggir verk sín á orðum sem hún þróar út í listform, hvort sem það er málverk, leir eða ljóð.

„Kemur þú oft hingað?“ og „Mér finnst þú svo sætur“ eru dæmi um setningar sem okkur langar til þess að segja við þann sem við erum skotin í. „Munnarnir eru hugsaðir um það sem mig langar að segja en þori kannski ekki,“ segir Kristín.♦



